

16.febrúar 2026

6.fundur Stjórn foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla veturinn 2025-2026

Mættir: Óli Már, Kiddi, Halla Dröfn og Sigurveig sem ritar fundargerð. Katla og Elfa Hlín boða forföll.

1. Skólaráðsfundur í janúar s.l. Kiddi mætti á fundinn fyrir hönd foreldrafélagsins. Tekið var fyrir:
 - a. Almenn umræða um þurrablótið og ýmislegt tengt þorra í skólanum
 - b. Samræmd próf í 4-10.bekk – stærðfræði og lesskilningur. Nánari útfærsla á eftir að koma á þessu.
 - c. Ný skólabygging. Áform um að byrja næsta haust og það þýðir að öll starfsemi í rauða skóla verður úthýst vegna framkvæmda. Ekki ljóst hvernig er hugsað með það hvernig starfsemin fær annan stað og t.d. ekki gert ráð fyrir bókasafni í teikningum, hvorki almennu bókasafni né skólabókasafni. Ákveðið að Kiddi skrifi bréf til Heimastjórnar til að koma í farveg að óska eftir frekari upplýsingum um hvernig málefni bókasafns og kennslurýma eigi að leysa tímabundið og/eða til frambúðar.
 - d. Umræða á fundinum um tölvuleikjanotkun barna sem ekki samræmist reglum um aldurstakmörk. Umræður.
 - e. Erindi sem komu frá foreldrafélaginu.
 - i. Afgangur af bláu kubba söfnun, óskað var eftir hugmyndum til að nýta fjármagnið í þágu skólasamfélagsins. Ein hugmynd var að fá eldiviðarkljúfara sem myndi nýtast við útikennslustofu/fjölskyldulund. Önnur hugmynd var að mála slönguspil á útisvæði, þriðja hugmyndin var að kaupa píluspjald fyrir félagsmiðstöðina. Sú fjórða var að nýta peningana í rútu til að gera eitthvað skemmtilegt með nemendum.
 1. Ákvörðun stjórnar að leggja til að kaupa eldiviðarkljúfara og píluspjald fyrir félagsmiðstöðina. Ef afgangur er svo eftir þetta megi nýta þann pening fyrir eitthvað til afþreyingar til notkunar í skólahúsnæðinu í frímínútum.
 - ii. Símanotkun í skóla. Sagt frá því að foreldrafélagið ætlaði að kanna hug foreldra til málsins með könnun.
 - iii. Umræða um fræðslu. Hugmynd kom á skólaráðsfundi um fræðslu frá SAFT.
2. Niðurstöður úr könnun sem foreldrafélagið sendi á alla foreldra til að kanna hug þeirra á símanotkun nemenda á skólatíma. Niðurstöður eru birtar með þessari fundargerð en 75% foreldra er hlynnt eða mjög hlynnt algeru símaþingi. Ákveðið að gera samantekt og senda sem erindi á skólaráðsfund með þeirri tillögu að stefnt verði á símalausan skóla frá og með haustinu 2026.
3. Elfa var búin að senda tölvupósta með upplýsingum um fræðslufyrirlestra sem hún var búin að fá tilboð í frá KVAN. Umræður um fræðslumöguleika m.a. SAFT. Ákveðið að fresta ákvörðun þar til gjaldkeri getur verið með í ákvörðunartöku.

Fundi slitið kl.18:14